

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 16/2003**

**frá 31. janúar 2003**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS) <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB frá 7. september 2001 um leiðbeiningar að því er varðar framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 um að heimila frjálsa aðild stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS) <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/680/EB frá 7. september 2001 um leiðbeiningar að því er varðar framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 um að heimila frjálsa aðild stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS) <sup>(4)</sup> skulu felld inn í samninginn.
- 5) Staðlasamtök Evrópu (Comité Européen de Normalisation), hér á eftir nefnd „CEN“, hafa höfundarrétt á texta 4. hluta í EN ISO 14001:1996, sem tekinn er upp orðréttur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 761/2001, og hafa þau rétt á að nýta þennan höfundarrétt.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 247, 17.9.2001, bls. 24.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 247, 17.9.2001, bls. 1.

- 6) Notkun textans í 4. hluta í EN ISO 14001:1996, sem tekinn er upp orðréttur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 761/2001, er heimiluð með leyfi CEN.
- 7) Leyfið frá CEN er að finna í leyfissamningi dagsettum 16. júní 2000 milli Evrópubandalagsins og CEN, þar sem CEN veitir Evrópubandalaginu rétt til að taka texta 4. hluta í EN ISO 14001:1996 upp orðréttan og Evrópubandalagið samþykkir að greiða CEN einkaleyfisþóknun með þeim skilyrðum sem sett eru fram í leyfissamningnum.
- 8) EFTA-ríkin fallast á að beita leyfissamningnum að breyttu breytanda og greiða CEN samsvarandi einkaleyfisþóknun með sömu skilyrðum, sem grundvallast á sölu viðkomandi meðlima CEN á texta 4. hluta í EN ISO 14001:1996 á Íslandi, Noregi og Liechtenstein.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### *1. gr*

1. Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XX. viðauka við EES-samninginn:

A. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 2f (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93):

„2fa. **32001 R 0761**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS) (Stjtið. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við skrána yfir innlendar staðlastofnanir í A-hluta I. viðauka:

„IS: IST (Staðlaráð Íslands)

N: NSF (Norges Standardiseringsforbund)“

b) Eftirfarandi bætist við töfluna í 2. mgr. IV. viðauka:

„Íslenska: „Sannprófuð umhverfisstjórnun“ „Fullgiltar upplýsingar“

Norska: „Kontrollert miljøledelsessystem“ „Bekreftet informasjon““

2faa. **32001 D 0681**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB frá 7. september 2001 um leiðbeiningar að því er varðar framkvæmd reglugerðar

Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 um að heimila frjálsa aðild stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS) (Stjtið. EB L 247, 17.9.2001, bls. 24).“

B. Eftirfarandi liður komi aftan við 39. lið (tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2001/331/EB):

„40. **32001 H 0680**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/680/EB frá 7. september 2001 um leiðbeiningar að því er varðar framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 um að heimila frjálsa aðild stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS) (Stjtið. EB L 247, 17.9.2001, bls. 1).“

2. EFTA-ríkin skulu beita leyfissamningnum sem dagsettur er 16. júní 2000 milli Evrópubandalagsins og CEN að breyttu breytanda og greiða CEN samsvarandi einkaleyfisþóknun með þeim skilyrðum sem sett eru fram í þeim leyfissamningi. Upphæð einkaleyfisþóknunarinnar skal miðast við sölu viðkomandi meðlima CEN á útgefnum texta 4. hluta í EN ISO 14001:1996 á Íslandi, Noregi og Liechtenstein.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 761/2001, ákvörðun 2001/681/EB og tilmæla 2001/680/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*